



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogi, 14. nóvember 2023
2310970/001.01 BR

Umsögn Kópavogsbæjar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028.

Þingskjal 319 — 315. mál.

Fyrir vegr. 410 – Elliðavatnsvegur er gert ráð fyrir 500 m.kr. fjárframlagi árið 2028. Sbr. kafla 4.3.2.2. á bls. 78 í þingsályktunarskjalinu er lagt til að ráðist verði í breikkun og lagfæringar á þessum skilavegi áður en hægt er að flytja veghald hans yfir til Garðabæjar og Hafnarfjarðar verði það niðurstaða samráðs við sveitarfélögin.

Bent er á að uppbygging Elliðavatnsvegur skal vera í samræmi við gildandi svæðisskipulagsáætlun og skipulagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga hveiju sinni.

Kópavogsbær leggur áherslu á að ef farið verður í breytingar á veghluta á milli Vífilsstaðarvegur og Vatnsendavegur við sveitarfélagsmörk Garðabæjar og Kópavogs. Sem leiða til, að vænta mætti aukins umferðarþunga á veginum, að gerðar séu ráðstafanir til að mæta umferðaraukningu á aðliggjandi vegum innan sveitarfélagsmarka Kópavogs.

Með tilkomu síðasta áfanga Arnarnesvegur sem gert er ráð fyrir að verði tilbúinn í lok árs 2028, má gera má ráð fyrir að endurbætur á Elliðavatnsvegi muni leiða til aukinnar umferðar um vegi sem Kópavogsbær er veghaldari að og tengir saman Arnarnesveg og Elliðavatnsveg. Taka þarf tillit til þessa ef gerðar verða breytingar á Elliðavatnsvegi og að tilheyrandi ráðstafanir verði gerðar á vegum innan sveitarfélagamarka Kópavogs til að tryggja umferðaröryggi vegfarenda og hnökralaust umferðarflæði.

Að auki er tekið undir athugasemdir Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tillöguna dags. 26. október 2023.

Virðingarfyllst,


Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar